

Borgarbyggð
Drífa Gústafsdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 1. júlí 2022
UST202205-291/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Dílatangi – Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Dílatanga í Borgarnesi.

Í lýsingu kemur fram að með nýju deiliskipulagi er fyrst og fremst verið að staðfesta núverandi skipulag lóða og byggðarinnar sem risið hefur, skoða þann möguleika að bæta við byggingarlóðum og lagfæra lóðamörk í kringum hjúkrunarheimili og heilsugæslu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum stígum, meðal annars meðfram strönd, og tengingum við núverandi stígakerfi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 24. júní 2019.¹

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að Borgarvogur, vogurinn allur ásamt fjörum, er á náttúruminjaskrá, en þar eru leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð lýsingar og tillögunnar og mikilvægt að fram komi hver áhrif tillögunnar eru á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi náttúruminja.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar í Borgarvogi falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni og fjallað sé um réttaráhrif ákvæða laganna í greinargerð.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/L%C3%BDsing_-_Deiliskipulag_-_D%C3%ADlatangi_.pdf

framkvæmd. Við matið skal lítið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Áhrifamat

Í greinargerð segir að í aðalskipulagi er gert ráð fyrir stofnstíg meðfram strönd Borgarvogs. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að hann verði 3 m breiður og verði að auki notaður sem hjólastígur. Auk stíga meðfram götum munu stígar tengja saman leiksvæði, opin svæði og önnur hverfi í grennd. Nákvæm lega nýrra göngustíga um opin svæði verður ákvörðuð við hönnun svæðanna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hvar lega stígsins verður. Stofnunin bendir á að mikill munur er á umhverfisáhrifum stígsins ef hann liggur í leirunum sem hafa hátt verndargildi, á þegar röskuðu landi eða á svæði með lítið verndargildi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að valkostir séu skoðanir varðandi lagningu stígar meðfram ströndinni, varðandi leiðarval, undirlag o.s.frv. til þess að komast hjá raski á náttúru og verndargildi náttúruminja.

Auk þess telur stofnunin mikilvægt að stígurinn verði þrengri en 3 metrar þar sem hætta er á neikvæðum umhverfisáhrifum og að sama skapi að stígurinn verði jafnvel færður inn í hverfið ef við á.

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal, við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn, leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur